



Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps
Stjórnsýsluhúsinu Borg
805 Selfoss
gogg@gogg.is

Selfoss 5. desember 2023

Efni: Umfang skógræktarverkefna Skógálfa í Grímsnes- og Grafningshreppi

Félagið [Vinir íslenskrar náttúru](#) (VÍN) er samtök vísinda- og fræðafólks, náttúruverndarfólks og fulltrúa helstu náttúruverndarsamtaka landsins. Tilgangur félagsins er að fjalla um náttúruverndarmál líðandi stundar. Það leggur áherslu á náttúruvernd, vernd líffræðilegrar fjölbreytni, landslags og náttúruauðlinda í samræmi við íslenska löggjöf og þær alþjóðlegu skuldbindingar sem Íslendingar hafa skrifað undir.

Félagið leggur m.a. áherslu á að koma í veg fyrir skaðleg áhrif ágengra og framandi tegunda í íslenskrí náttúru; neikvæð áhrif þeirra á lífríki, menningarminjar, jarðminjar og ásýnd landsins. Sömuleiðis að stjórnvöld sinni vel hinni brýnu þörf fyrir skipulag og framkvæmd áætlana sem varða náttúru landsins

Félagið hefur því miklar áhyggjur af umfangi skógræktar á vegum Skógálfa, á Álfabrekku og Álfaskeiði, og aðliggjandi skógrækt á Skógarbrekkum. Samkvæmt lögum um umhverfismat og aðalskipulagi Grímsnes- og Grafningshrepps er nýræktun skóga á stærra svæði en 200 ha háð umhverfismati. Með því að skipta skógræktarverkefninu upp í minni einingar komust Skógálfar framhjá þessu í byrjun.

Skógálfum var upphaflega veitt framkvæmdaleyfi til 100 ha skógræktar á Álfabrekku (01/06/2022) og Hannesi Lentz leyfi til 90 ha skógræktar á Skógarbrekkum (07/09/2022).

Þegar sveitarstjórnin veitti framkvæmdaleyfi fyrir 132,7 ha skógrækt á Álfaskeiði (18/01/2023) voru verkefni Skógálfa komin upp í 232,7 ha og samanlögð stærð svæða Skógálfa og Hannesar Lentz orðin 322,7 ha. Á svæðinu er skógrækt því komin langt yfir 200 ha markið. Þarna er nú þegar búið að herfa stór svæði, leggja vegslóða og planta framandi trjategundum eins og stafafuru og sitkagreni. VÍN bendir á að röskun þessara svæða varða samning Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni og Bernarsamninginn um villtar plöntur og dýr.

Skógálfar sendu síðar umsókn um 90,7 ha nýskógrækt á sama svæði (Álfadalur og Neðra-Apavatn). VÍN vill lýsa ánægju sinni yfir því að sveitarstjórnin frestaði afgreiðslu framkvæmdaleyfis á meðan málið væri skoðað nánar (18/09/2023).



VÍN hefur líka áhyggjur að þeirri jarðvegsröskun sem umfangsmikil slóðagerð innan og í kringum skógræktarsvæðið hefur valdið með tilheyrandi kolefnislosun. Slóðagerð gæti numið allt að 20 km að dæma eftir loftmyndum og er því háð umhverfismati skv. lögum nr. 111/2021 og ákvæðum náttúruverndarlaga nr. 60/2013. Var þessi slóðagerð nefnd í umsóknunum? Samkvæmt Skipulagsstofnun er slóðagerð ekki hluti af skógræktarframkvæmd.

Fyrir hönd Vína íslenskrar náttúru og með vísan til upplýsingalaga nr. 140/2012, fer undirritaður þess vinsamlegast á leit við sveitarstjórnina að hún sendi VÍN afrit af umræddum umsóknum, meðfylgjandi ræktunaráætlunum og þeim framkvæmdaleyfum sem þessi umfangsmikla framkvæmd hefur fengið.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink that reads "Sveinn Runólfsson".

Sveinn Runólfsson, formaður VÍN

(sveinnrun@gmail.com)

Afrit:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Umhverfisstofnun (ust@ust.is)